
Erfingjar höfundaréttar

Hér á eftir er að finna gagnlegar upplýsingar fyrir þá sem erfa höfundarétt.

Verndartími höfundaréttar

Höfundaréttur er í gildi í 70 ár frá lokum þess almanaksárs sem höfundur deyr. Þetta þýðir að höfundarétturinn erfist til þeirra sem taka til erfða eftir viðkomandi höfund. Á þetta bæði við hinn fjárhagslega hluta höfundaréttarins en einnig til sæmdarréttarins. Eftir að verndartímanum lýkur tekur við sérstök vernd tiltekins þáttar sæmdarréttarins, þ.e. réttur til höfundarheiðurs og höfundarsérkenna sem er ótímabundinn. Þessi vernd er oftast nefnd menningarvernd og er það einungis mennta- og menningarmálaráðherra sem getur beitt henni með málshöfðun.

Dánarbú höfundar

Við andlát færist höfundarétturinn sjálfkrafa til dánarbús viðkomandi höfundar. Á grundvelli leyfis til einkaskipta getur sá sem annast þau fengið upplýsingar frá STEFi um verk viðkomandi og úthlutanir. Það sama á við um skiptastjóra sé um að ræða opinber skipti á dánarbúinu. Á þessu tímabili greiðir STEF áfram til þess reiknings sem höfundurinn hafði gefið upp en sem þá er á forræði dánarbúsins. Ef á þarf að halda getur STEF veitt viðkomandi aðgang að Mínum síðum höfundar til að auðveldara sé fyrir viðkomandi að afla sér upplýsinga um höfundaréttinn.

Verðmat höfundaréttar vegna erfðafjárskatts

Það gildir það sama um höfundarétt og aðrar eignir sem höfundur lætur eftir sig og skv. lögum um erfjafjárskatt skal greiða 10% erfðafjárskatt af öllum fjárverðmætum að frádregnum skuldum og kostnaði við skipti á dánarbúinu. Erfðafjárskattur er þó ekki greiddur af fyrstu 1,5 millj kr. í skattstofni dánarbúsins. Þetta gildir þó ekki um fyrirframgreiðslu arfs.

Þá greiða maki hins látna, einstaklingur í staðfestri samvist og sambúðarmaki sem fær arf samkvæmt erfðaskrá ekki erfðafjárskatt.

Nauðsynlegt er að meta verðmæti höfundaréttarins vegna ofangreindra reglna um erfðafjárskatt. Samkvæmt upplýsingum STEFs er algengt að sýslumenn sem annast skipti dánarbúa reikni verðmæti höfundaréttarins sem meðaltal höfundaréttartekna síðastliðinna þriggja ára skv. skattframtali og margfaldi það með 10. Er þannig litið svo á að búið sé að framreikna virði höfundaréttarins út verndartíma hans. Hefur það sýnst sig að tekjur af höfundarétti lækka eftir því sem árum fjölgar eftir andlát höfundar, þótt slíkt sé auðvitað erfitt að segja til um fyrirfram.

Erfingjar höfundaréttarins

Um erfðina gilda almennar reglur erfðalaga svo og ákvæði 30. og 31. gr. höfundalaga. Er þar mælt fyrir um að höfundur geti mælt fyrir um í erfðaskrá um framkvæmd höfundaréttarins að honum látnum og falið sérstökum tilsjónaraðila að annast hann. Er þetta undantekning frá almennum erfðareglum sem segja að arfleifanda sé óheimilt að setja erfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi. Höfundur getur þó ekki á grunvelli þessara reglna aukið erfðahluta eins skylduerfingja á kostnað annars eða áskilið tilteknum skylduerfingja höfundaréttinn fremur en öðrum. Að höfundi látnum telst höfundaréttur til hjúskapareignar hans, nema hjón hafi gert með sér kaupmála um annað, sbr. 30. gr. höfundalaga.

Við skipti dánarbúsins er tekin ákvörðun hvað verður um höfundaréttinn. Hann getur t.a.m. endað hjá einum tilteknum erfingja eða þá að hann verður sameiginleg eign fleiri en eins erfingja. Ef einungis einn erfingji erfir höfundaréttinn þá skilar hann til STEFs skiptagerðinni sem sýnir fram á erfðina og er hann þá í framhaldinu færður inn í gagnagrunn STEFs sem réttthafi höfundaréttarins. Viðkomandi fær þá úthlutað til sín höfundaréttargreiðslum og nýtur um leið t.a.m. atkvæðisréttar innan STEFs í samræmi við úthlutun og getur boðið sig fram til trúnaðarstarfa.

STEF hefur ekki frumkvæði að því að finna erfingja

STEF hefur ekki frumkvæði að því að finna erfingja látinna höfunda, enda ekki með neinar skráðar upplýsingar um erfingja. Hvílir það á hendi erfingja að hafa samband við STEF og sýna fram á erfðarétt sinn til að geta fengið úthlutað höfundaréttargreiðslum eftir látinn höfund.

Sameiginlegur fyrirsvarsaður erfingja gagnvart STEFi

Ef fleiri en einn erfingji erfir sameiginlega höfundaréttinn þurfa erfingjarnir samt sem áður að koma sér saman um einn fyrirsvarsmann gagnvart STEFi. Sá fær þá bæði upplýsingar frá STEFi um verkin og úthlutanir og tekur einnig við greiðslum fyrir hönd sín og annarra erfingja og ber skylda til að sjá til þess að aðrir erfingjar fái sinn skerf greiðslanna. Er þetta í samræmi við samþykktir og úthlutunarreglur STEFs sem höfundar samþykkja að hlýta fyrir hönd sjálfs síns og erfingja. Getur STEF ekki tekið að sér að skipta greiðslum milli fleiri en eins réttthafa og einungis er einn bankareikningur skráður fyrir hvern höfund. Erfingjar geta hins vegar stofnað sérstakan bankareikning sem þeir hafa allir aðgang að, ef þeir kjósa svo, og fara greiðslurnar þá inn á þann reikning. Það breytir því þó ekki að fyrirsvarsaður gagnvart STEFi er bara einn aðili og um leið eru greiðslurnar skráðar sem tekjur viðkomandi á skattframtali.

STEF hefur útbúið sérstakt eyðublað sem erfingjar geta notað þegar tilkynnt er um hver sé fyrirsvarsaður gagnvart STEFi. Hægt er að nálgast eyðublaðið hér.

Skattgreiðslur af höfundarétti

Varðandi skattgreiðslur þá er frá áramótum 2020 greiddur fjármagnstekjuskattur af greiðslum frá STEFi og sér STEF um að draga skattinn frá úthlutunum og standa skil á honum gagnvart yfirvöldum. Erfingjar sem hafa aðrar tekjur af höfundaréttinum en frá STEFi geta einnig nýtt sér það hagræði að greiða fjármagnstekjuskatt af þeim tekjum ef skilyrðum um slíkt er fullnægt. Þær tekjur eru þá sérstaklega skráðar sem fjármagnstekjur á skattframtali eftir. Nánar er hægt að fræðast um skattgreiðslur af höfundarétti annars staðar á heimasíðu STEFs.

Aðildarfélög

Viðkomandi réttihafi (fyrirsvarsmáður erfingja) er ávallt skráður utan aðildarfélaga hjá STEFi jafnvel þótt sá höfundur sem hann erfði hafi verið meðlimur í Félagi tónskálda og textahöfunda eða í Tónskáldafélagi Íslands.